

Reykjavík, 03.03. 1992.

Alþingi

Þorsteinn Magnússon
ritari menntamálanefndar Alþingis.

Erindi nr. P 115 1598

komudagur 4 13 1992

Nemendafélag Þroskápjálaskóla Íslands hefur kynnt sér frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Nemendafélag skólans fékk ekki bréf frá menntamálanefnd Alþingis, en telur þó brýnt að koma álitu sínu á framfæri.

Í Þ.S.Í. stunda nú 63 nemnedur nám. Í skólanum sérmennta nemendur sig í þjálfun, umönnun og uppeldi þroskahefts fólks. Markmiðið með náminu er að stuðla að auknu sjálfstæði einstaklinganna og vellíðan.

Þess eru dæmi að í skólanum hefji nám nemendur undir 20 aldri, með tilskilda undirbúningsmenntun og næga starfsreynslu. 20 ára reglan tefur nám þessara nemenda, og sparnaðurinn er í sjálfu sér enginn.

Þroskápjálfar eru láglau nastétt og munu ekki hafa aðgang að húsbrefakerfinu, ef hertar endurgreiðslur, eins og þær koma fram í frumvarpinu, koma til framkvæmda. Greiðslubyrði yrði of mikil og þroskápjálfar þyrftu að sækja um í félagslega kerfinu. Þólfir félagslega kerfið aukna ásókn frá láglau nastéttum?

Vextir af lánunum verða svo miklir að ekki tekst að klóra að neinu marki í höfuðstólinn. Þegar einstaklingurinn hefur náð 67 ára aldri er hann með hærri upphæð ógreidda en lánið hljóðaði uppá þegar það var tekið, sé miðað við fullt lán. Það er einmitt raunin hjá flestum nemendum þessa skóla.

Nemendur sem hyggja á framhaldsnám eru mjög tvístigandi. Þeir telja framhaldsnámið of dýru verði keypt. Einnig er ljóst að breyta yrði greiðsluformi á þann veg að, að allt lánið yrði að greiða samkvæmt nýja kerfinu, í stað þess að borga eftir báðum. Vegna þess að samkvæmt núverandi kerfi eru borguð 3.75% af tekjum, en í því nýja 8% af tekjum, = 11.75%. Þetta á að sjálfsögðu við um þá sem lenda í báðum kerfunum, og flest okkar koma til með að borga fulla prósentu, vegna lárra launa.

Okkur þykja stigskiptar endurgreiðslur, eins og námsmenn hafa þegar bent á, mikið raunhæfari kostur.

Mikil hættu er á að nemendur snúi frá námi í miðjum klíðum og einnig er líklegt að færri nemendur muni sækja í greinina. Þetta er mjög alvarlegt mál þar sem skortur er á þroskápjálfum nú þegar.

Óhagræðing og aukakostnaður leggst á námsmenn, þar sem nemendur munu aldrei fá greidd lán fyrr en eftir að sýnt hefur verið fram á fullnægjandi námsárangur.

Þroskaþjálfun er ekki arðbær grein ef talað er í krónum. Störf þroskaþjálfra og annarra uppeldisstétta eru þó ekki síður mikilvæg. Brýnt er að styrkja og efla menntun í þessum greinum, í stað þess að letja eða ganga að dauðri, eins og hætta er á ef þetta frumvarp nær fram að ganga óbreytt.

Nemendur Þroskaþjálfskólans eru áhyggjufullir vegna yfirvovandi breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmann, og telja þær aðför að jafnrétti til náms. Ekki má gleyma að Lánasjóðurinn á að vera félagslegur jöfnunarsjóður, og að lánin eru framfærslulán en ekki fjárfestingarlán. Við vonum að nefndin muni hafa þetta að leiðarljósi í umfjöllun sinni um þetta frumvarp.

F.h. nemendafélags Þ.S.I.

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

Rebekka Þráinsdóttir
Rebekka Þráinsdóttir